

UPPHÉRAÐSVEGUR
Setberg - Ormarsstaðaá
Kynning framkvæmdar

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri
Ágúst 2007

EFNISYFIRLIT

1	YFIRLIT	2
1.1	ALMENNT.....	2
1.2	MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR.....	2
1.3	AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR	2
1.4	LEYFISVEITENDUR	2
1.5	RANNSÓKNIR.....	2
2	STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI	2
2.1	NÚVERANDI VEGUR	2
3	FRAMKVÆMDALÝSING	3
3.1	VEGUR	3
3.2	EFNISTAKA.....	3
3.3	FRÁGANGUR.....	4
3.4	VINNUBÚÐIR	4
3.5	REKSTUR.....	4
4	UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR	5
4.1	ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM.....	5
4.1.1	Vegagerð	5
4.1.2	Efnistaka	5
5	ÁHRIF FRAMKVÆMDAR	6
5.1	LANDSLAG.....	6
5.2	JARÐMYNDANIR	6
5.3	VATN	6
5.4	GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF	6
5.5	MENNINGARMINJAR	6
6	AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA	7
7	NIÐURSTAÐA	7
8	HEIMILDIR	8
9	TEIKNINGAR	8

1 YFIRLIT

1.1 ALMENNT

Vegagerðin fyrirhugar að enduruppbyggja um 5,1 km langan kafla af Upphéraðsvegi (vegnúmer 931) norðan Lagarfljóts og setja ræsi í Þorleifará í stað einbreiðrar brúar sem þar er í dag. Áætlað er bjóða verkið út í september 2007 og að verkinu verði lokið sumarið 2008.

Framkvæmdin telst ekki matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 né heldur tilkynningaskyld skv. sömu lögum.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.

1.2 MARKMIÐ FRAMKVÆMDAR

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi á Upphéraðsvegi norðan Lagarfljóts og tryggja greiðari samgöngur. Vegurinn verður 6,5 m breiður með 6,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst.

1.3 AFMÖRKUN OG ÁHRIFASVÆÐI FRAMKVÆMDAR

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar sem áhrifin eru tengd bættum og öruggari samgöngum er Austurland. Framkvæmdasvæðið sjálf, þ.e.a.s. það svæði sem fer beint undir vegagerð og efnistöku er á Fljótaldalshéraði.

Framkvæmdin afmarkast af efnistöku, byggingu ræsis og uppbyggingu vegar á svæðinu. Rekstur mannvirkja og viðhald verður um fyrirsjáanlega framtíð eftir að framkvæmd lýkur. Mögulegt framkvæmdasvæði sést á teikningu 1.

1.4 LEYFISVEITENDUR

Í samræmi við 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, þarf Vegagerðin að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri framkvæmd til Fljótaldalshéraðs.

Væntanlegur verktafi þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

1.5 RANNSÓKNIR

Veglínan hefur verið þversniðsmæld og jarðvegsdýpt í skeringum og undir ræsi í Þorleifará hefur verið könnuð. Ekki er talin þörf á öðrum rannsóknum.

2 STAÐHÆTTIR Á FRAMKVÆMDASVÆÐI

2.1 NÚVERANDI VEGUR

Á þessum kafla er Upphéraðsvegur (vegnúmer 931) mjór, hæðóttur malarvegur. Einbreið brú er yfir Þorleifará.

Árstdagssumferð á Upphéraðsvegi á þessum kafla var 163 bílar á dag árið 2005. Framreiknuð umferð árið 2025, 20 árum seinna er 190 bílar á dag. Hlutfall þungra bifreiða hefur ekki verið metið.

3 FRAMKVÆMDALÝSING

3.1 VEGUR

Framkvæmdakafllinn liggur frá stöð 6000, sem er um 800 m austan við heimreið að Setbergi, að stöð 11100 sem er um 200 m norðan Ormarsstaðaár, samtals 5,1 km. Framkvæmdasvæðið er um 6 km sunnan við Fellabæ.

Vegurinn verður af vegtegund C2, sem er 6,5 m breiður vegur með 6,3 m breiðri klæðingu. Hönnunarhraði verður 80-90 km/klst.

Veglínan helst að mestu leyti óbreytt. Þó mun hún hliðrast lítillega til en sjaldan meira en hálfra vegbreidd. Mesta breytingin verður um 20 m þar sem vegur færir örlítið neðar yfir Þorleifará en þar kemur ræsi í stað núverandi einbreiðrar brúar. Hæðarlega verður lagfærð á köflum og verða nokkrar skeringar og fyllingar vegna þessa. Vegrið verður sett á báða vegkanta við ræsi til að auka umferðaröryggi.

Búast má við að umferð um svæðið tefjist lítillega meðan á framkvæmdum stendur. Á framkvæmdatíma eykst hljóð- og loftmengun á svæðinu vegna umferðar stórra vinnuvéla.

3.2 EFNISTAKA

Áætluð efnispörf í verkið er um 55.300 m³. Reiknað er með um 30.200 m³ í fyllingar og fláafleyga, 18.400 m³ af neðra burðarlagsefni og um 6.700 m³ í efra burðarlag og klæðingu. Efni úr skeringum er um 38.000 m³.

Tafla 2. Efnispörf

	<i>magn (m³)</i>
Efra burðarlagsefni og klæðing	6.700
Neðra burðarlagsefni	18.400
Fyllingar og fláafleygar	30.200
Samtals	55.300

Tafla 3. Efnistaka

	Efra burðarlag og klæðing (m ³)	Neðra burðarlag (m ³)	Fyllingar og fláafleygar (m ³)	Samtals (m ³)
Náma A – Við Þorleifará			11.000	11.000
Efni sem verktaki útvegur	6.700			6.700
Skeringar		18.400	19.200	37.600
Samtals	6.700	18.400	30.200	55.300

Efni í neðra burðarlag kemur úr skeringum sem og stór hluti fyllingarefnis. Fyllingarefni er einnig tekið úr námu A við Þorleifará en þar er sandur og fín möl. Náman er þegar opin. Efni í efra burðarlag og klæðingu mun verktaki sjá um að útvega. Í dag er efnistaka úr námum í Selhöfða og Eyvindará og er bent á þær námur sem möguleika fyrir verktaka. Verktaka er annars frjálst að taka efni á þeim stað sem hentar best að því tilskildu að efni uppfylli þær kröfur sem um það eru gerðar og að öll leyfi fyrir efnistöku séu til staðar.

3.3 FRÁGANGUR

Í útboðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi náma, vegkanta, fyllinga og skeringa. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar og námur verði ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur.

Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi í samræmi við gróður í nágrenninu. Áður en sáð er þarf að slétta landið vel í samræmi við landslag og halla. Sáð verður gróðurtegundum sem henta fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu.

3.4 VINNUBÚÐIR

Ef verktaki setur upp vinnubúðir, þá verður það gert í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands, landeigendur og eftirlitsmann Vegagerðarinnar. Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.

3.5 REKSTUR

Eftir að framkvæmdum lýkur tekur við rekstur mannvirkisins. Framkvæmdir sem tengjast rekstri eru m.a. viðhald og snjómokstur. Þá tengjast öryggi samgangna, umferð og mengun af hennar völdum rekstri fyrirhugaðs vegar.

4 UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDAÞÆTTIR

4.1 ÞÆTTIR SEM LÍKLEGA VALDA UMHVERFISÁHRIFUM

Skilgreindir eru þeir umhverfisþættir sem líklegt er að verði fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og hvaða framkvæmdaþættir það eru sem valda þeim. Eftirfarandi eru þættir sem líklegir eru til að valda umhverfisáhrifum:

4.1.1 Vegagerð

Umhverfisáhrif vegagerðar fara eftir staðsetningu og hönnun vega, stærð vegsvæðis og frágangi.

Þegar endurbyggður er gamall vegur má búast við að áhrif framkvæmdarinnar séu minni en þegar um nýbyggingu er að ræða.

Vegaframkvæmd getur haft áhrif á gróin svæði, jarðmyndanir og mannvistarleifar. Uppbygging og rekstur vegar getur haft áhrif á dýralíf. Vegaframkvæmdir geta haft sjónræn áhrif og markað ný spor í landslagið.

Umferð vinnuvéla á framkvæmdartíma hefur líklega áhrif á hávaða, útblástursmengun, hættu á mengunarslysum og rykmengun.

Nýr vegur er hannaður til að auka umferðaröryggi vegfarenda og bæta samgöngur. Bættar samgöngur kunna að hafa margvísleg áhrif, t.d. á byggð á svæðinu, ferðaþjónustu/útivist og opinbera þjónustu. Loks má gera ráð fyrir að fyrirhuguð vegalagning hafi áhrif á hagræna þætti og fara þau eftir arðsemi framkvæmda. Þá hafa breyttar samgöngur áhrif á útblástur mengandi efna frá umferð.

4.1.2 Efnistaka

Umhverfisáhrif efnistöku eru háð staðsetningu, efnispörf framkvæmdarinnar og frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Efnistökuastaðir og efnispörfín ráðast af staðsetningu vegarins.

Við lagningu vega þarf efni í klæðingu, burðarlög og fyllingar. Efnistaka getur haft áhrif á gróður, dýralíf, mannvistarleifar eða jarðmyndanir. Þá breytir efnistaka landslagi.

5 ÁHRIF FRAMKVÆMDAR

5.1 LANDSLAG

Vegurinn liggur um svæði sem einkennist af klapparholtum en er gróið á milli. Gróin svæði eru ýmist mólendi, votlendi eða tún.

Áhrif á landslag

Framkvæmdin fylgir núverandi vegi að mestu leyti og munu áhrif á landslag verða mjög lítil.

Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. Sáð verður í vegkanta eftir því sem við á.

5.2 JARÐMYNDANIR

Klapparholt eru einkennandi fyrir svæðið. Framkvæmdin er nær öll innan áður raskaðs svæðis.

Áhrif á jarðmyndanir

Einhverjar skeringar verða í klapparholt, mest við Rauðalæk þar sem skering verður útvíkuð í námu. Framkvæmdin mun hafa mjög lítil áhrif á jarðmyndanir þar sem svæðið er að mestu þegar raskað.

5.3 VATN

Ræsi verður sett í Þorleifar á stað núverandi einbreiðrar brúar.

Áhrif á vatn

Vegurinn raskar hvergi votlendi umfram það sem þegar er. Farvegur Þorleifarár raskast þar sem ræsi kemur í ána. Framkvæmdin mun ekki hafa teljandi áhrif á vatnsbúskap svæðisins.

5.4 GRÓÐURFAR OG DÝRALÍF

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna á framkvæmdasvæði eða í nágrenni þess.

Áhrif á gróðurfur

Reiknað er með að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfur verði óveruleg þar sem land er þegar að mestu leyti raskað.

Áhrif á dýralíf

Framkvæmdin getur haft tímabundin truflandi áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrif á dýralíf verði óveruleg.

5.5 MENNINGARMINJAR

Engar friðlýstar fornleifar eða sjáanlegar fornleifar eru í vegsvæðinu eða nágrenni þess.

Í útboðsgögnum verður lögð áhersla á að raska ekki landi utan framkvæmdasvæðisins.

Áhrif á fornminjar

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma, sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Austurlands um aðgerðir.

6 AÐGERÐIR Á FRAMKVÆMDATÍMA

- Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæði og skeringasvæði. Verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan framkvæmdasvæðis á verk tíma nema að námu.
- Í útboðsgögnum verður farið fram á að verktaki fari að öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda.
- Ef verktaki þarfnast geymslusvæðis fyrir vinnuvélar, utan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis, skal hann semja um það við landeigendur.
- Landeigendum verða greiddar bætur fyrir efni úr námum sem notað verður til vegagerðar og landbætur vegna skerðingar á landi.
- Gengið verður frá námusvæði í verklok og það jafnað og sléttað. Vegagerðin mun græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni þar sem við á.

7 NIÐURSTAÐA

- Vegur verður enduruppbyggður á um 5,4 km kafla.
- Við framkvæmdina verður sett ræsi í Þorleifará í stað einhbreiðrar brúar.
- Vegurinn fylgir núverandi vegi að langmestu leyti.
- Efnistaka er fyrirhuguð úr vegskeringum á vegsvæði, útvíkkaðri bergskeringu við Rauðalæk og úr námu við Þorleifará.
- Verktaki mun sjá um að útvega efni í efra burðarlag og klæðingu.
- Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en að loknum framkvæmdum verður hættan minni en í dag vegna öruggari vegar.
- Jákvæð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru töluverð. Þau felast í bættum samgöngum og meira umferðaröryggi þar sem einbreið brú er fjarlægð og hæðarlega er löguð.
- Reiknað er með að neikvæð áhrif framkvæmdarinnar verði óveruleg. Svæðið verður jafnað, grætt upp og reynt að gera sár í landinu sem minnst áberandi.

8 HEIMILDIR

1. Námur, efnistaka og frágangur, 2002: Hafrannsóknarstofnun, Landsvirkjun, Iðnaðarráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Vegagerðin, Veiðimálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga, Náttúruvernd ríkisins, Veiðimálastjóraembættið, Siglingastofnun og Landgræðsla ríkisins. Reykjavík, 75 bls.
2. Náttúruminjaskrá, Júlí 2007: Heimasíða Umhverfisstofnunar, www.ust.is/Natturuvernd/Natturuminjaskra.
3. Aðalskipulag Fellahrepps 2000-2012

9 TEIKNINGAR

Teikning 1. VGK Hönnun/Vegagerðin, (2007): Yfirlitsmynd

Teikning 2. VGK Hönnun/Vegagerðin, (2007): Grunnmynd og langsnið, 4 myndir, mkv. 1:4000.